

## Fundargerð aðalfundar Kviku banka hf.

Þann 26. mars 2020, kl. 16:30, var aðalfundur Kviku banka hf. („félagið“) haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, 2. hæð, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Stjórnarformaður félagsins, Kristín Pétursdóttir, setti fundinn og gerði tillögu um að Þórólfur Jónsson lögmaður yrði fundarstjóri. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Lilju Jensen lögmann sem fundarritara. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 46,19% hluthafa, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti. Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá hans voru.

Á dagskrá fundarins voru eftirfarandi mál:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu
- 3) Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
- 4) Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hluti
- 5) Tillaga um lækkun hlutafjár og samsvarandi breyting á samþykktum
- 6) Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
- 7) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins
- 8) Kosning endurskoðenda félagsins
- 9) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
- 10) Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl
- 11) Önnur mál löglega fram borin

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár

Kristín Pétursdóttir, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það markverðasta sem gerðist hjá félaginu á árinu 2019. Þá fór hún yfir helstu störf stjórnar á árinu og þær tillögur stjórnar sem lágu fyrir aðalfundinum.

Í kjölfarið upplýsti Kristín um að hún gæfi ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn félagsins og þakkaði samstjórnarmönnum og stjórnendum félagsins fyrir ánægjulegt samstarf síðastliðin tvö ár.

## 2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri félagsins, fór yfir kynningu á afkomu félagsins á árinu 2019 og stöðu bankans í dag. Kynningin var birt opinberlega fyrir fundinn.

Forstjóri þakkaði að kynningu lokinni fráfarandi stjórnarformanni kærlega fyrir samstarfið undanfarin tvö ár.

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

*„Lagt er til að ársreikningur ársins 2019 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2020 og að hagnaður ársins 2019 leggist við eigið fé félagsins.“*

Fundarstjóri varpaði tillögunni upp á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

## 3. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög og var lagt til að hún yrði samþykkt. Þá lá fyrir fundinum skýrsla stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu á árinu 2019.

Var vísað til þessara gagna ásamt greinargerð með tillögu stjórnar, sem jafnframt lá fyrir fundinum.

Að beiðni hluthafans Vátryggingafélags Íslands hf. las fundarstjóri upp eftirfarandi bókun:

*„VÍS mun sitja hjá við afgreiðslu starfskjarastefnu og vill gera grein fyrir atkvæði sínu. Ástæðan er sú að við teljum útskýringu á útfærslu kaupaukakerfis síðasta árs sé ekki gerð nægjanleg skil í skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu 2019 þrátt fyrir beiðni þar um á aðalfundi fyrir ári. Ekki komi fram hverjir fengu greitt, hvernig niðurstaða mats einstakra starfsmanna hafi farið fram né tilgreint fjárhæðir eða hlutfall launa og hvort t.d. hluti hafi yfirstigið 10% og sé þar með að hluta til bundinn í þrjú ár. Þá teljum við núverandi starfskjarastefna sem fyrir liggur á fundinum ekki nægjanlega skýra mtt. Þess hvernig kaupauka sé dreift og til hvaða einstaklingsmælikvarða sé litið. Við styðjum kaupaukakerfi en ítreka skoðun okkar að það sé gagnsætt og skýrt þannig að hægt sé að átta sig betur á þeim ávinningi og hvata sem kerfið leiðir af sér.“*

Fundarstjóri gaf í kjölfarið orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar því næst tillögu um starfskjarastefnu undir atkvæði hluthafa.

Hluthafinn Vátryggingafélag Íslands hf. sat hjá við atkvæðagreiðsluna en hluthafinn er eigandi 94.000.000 hluta í félaginu og fer með 4,67% atkvæða.

Aðrir hluthafar samþykktu tillöguna. Úrskurðaði fundarstjóri því að tillagan væri samþykkt með tiskildum meirihluta. Ekki voru gerðar athugasemdir við úrskurð fundarstjóra.

#### 4. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hluti

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Aðalfundur Kviku banka hf. haldinn 26. mars 2020 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun, ii) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útbodsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum og/eða iii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálaframtækni, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2021. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði á Nasdaq Iceland, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga.“

Fundarstjóri varpaði tillögunni upp á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

#### 5. Tillaga um lækun hlutafjár og samsvarandi breyting á samþykktum

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 26. mars 2020, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 50.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 50.000.000 hlutum, úr 2.014.759.097 kr. í 1.964.759.097 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga“

Tillagan felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktu félagsins þannig að verði hún samþykkt verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.964.759.097. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“

Fundarstjóri varpaði tillögunni upp á skjá til yfirferðar. Fram kom að Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefði þegar veitt heimild fyrir þessari ráðstöfun.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 6. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins til viðbótar við þær sem felast í tillögu skv. dagskrárlið 5.

Fundarstjóri varpaði eftirfarandi tillögum um breytingar upp á skjá til yfirferðar:

- (i) „Lagt er til að felld verði út tilvísun í eldra heimilisfang félagsins að Borgartúni 25 í Reykjavík og í stað þess verði ákvæði 1.3 í samþykktum félagsins svohljóðandi:

„Heimili félagsins er í Reykjavík.““

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

- (ii) „Lagt er til að felldur verði út einn dagskrárliður sem taka skal fyrir á aðalfundi skv. samþykktum félagsins, þ.e. „samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl“ og að ákvæði 3.3 í samþykktunum verði svohljóðandi:

„Á aðalfundi skulu þessi mál tekin fyrir:

- 1) Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár.
- 2) Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar. Samhliða afgreiðslu ársreiknings skal ákveða hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 3) Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
- 4) Starfskjarastefna félagsins.
- 5) Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna.
- 6) Önnur mál.““

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

- (iii) „Lagt er til að ónýtt heimild stjórnar til útgáfu áskriftarréttinda samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í samþykktum félagsins verði, ásamt samsvarandi heimild til hlutafjánhækkunar, framlengd til eins árs og að bráðabirgðaákvæði II við samþykktirnar verði svohljóðandi:

„Félagsstjórninni er heimilt, fram til aðalfundar félagsins árið 2021, að gefa út áskriftarréttindi að allt að 100.000.000 nýjum hlutum í félaginu. Félagsstjórninni er jafnframt í fimm ár, til 26. mars 2025, heimilt að framkvæma nauðsynlega hlutafjánhækkun í tengslum við áskrift nýrra hluta á grundvelli áskriftarréttinda sem gefin eru út á grundvelli heimildar skv. þessu bráðabirgðaákvæði II. Félagsstjórnin ákveður hverjir fái rétt til áskriftar að nýjum hlutum en hvorki hluthafar né aðrir njóta forgangsréttar. Félagsstjórnin ákveður söluverð áskriftarréttindanna og nánari skilmála þeirra. Áskriftarréttindi sem gefin eru út samkvæmt heimild þessari skulu seld á gangvirði samkvæmt verðmati frá óháðum sérfróðum aðila.““

Að beiðni hluthafans Vátryggingafélags Íslands hf. las fundarstjóri upp eftirfarandi bókun:

„VÍS mun sitja hjá við afgreiðslu tillögu stjórnar og vill gera grein fyrir sínu atkvæði. Spurt var á síðasta aðalfund hver framtíðarhugsun og sýn félagsins væri varðandi

*áskriftarréttindi og var því svarað til að slíkt yrði kynnt eigi síðar en á næsta aðalfundi félagsins. Slíkt hefur skv. okkar vitneskju ekki verið gert og teljum við því ekki rétt að greiða atkvæði með tillögunni.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar því næst tillöguna undir atkvæði hluthafa.

Tveir hluthafar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna, þ.e. annars vegar Vátryggingafélag Íslands hf. sem er eigandi 94.000.000 hluta í félaginu og fer með 4,67% atkvæða og hins vegar Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A, B og S deild, sem er samtals eigandi að 146.000.000 hlutum í félaginu og fer með 7,25% atkvæða.

Aðrir hluthafar samþykktu tillöguna. Úrskurðaði fundarstjóri að tillagan væri samþykkt með tilskildum meirihluta. Ekki voru gerðar athugasemdir við úrskurð fundarstjóra.

## 7. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Eftirtaldir einstaklingar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn félagsins:

- Guðjón Reynisson, kt. 131163-3209
- Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259
- Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230367-5079
- Inga Björg Hjaltadóttir, kt. 100270-5289
- Sigurður Hannesson, kt. 280780-3329

Eftirtaldir einstaklingar gáfu kost á sér til setu í varastjórn félagsins:

- Albert Þór Jónsson, kt. 180562-3119
- Jóhanna Harpa Árnadóttir, kt. 031165-3859

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrest, væru þau Guðjón Reynisson, Guðmundur Örn Þórðarson, Hrönn Sveinsdóttir, Inga Björg Hjaltadóttir og Sigurður Hannesson rétt kjörin í aðalstjórn félagsins, og þau Albert Þór Jónsson og Jóhanna Harpa Árnadóttir rétt kjörin í varastjórn félagsins til næsta aðalfundar félagsins.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Inga Björg Hjaltadóttir, stjórnarmaður, steig í pontu og flutti ávarp þar sem hún, fyrir hönd stjórnar, þakkaði fráfarandi stjórnarformanni félagsins, Kristínu Pétursdóttur, kærlega fyrir samstarfið. Jafnframt þakkaði Inga fráfarandi varamanni og nefndarformanni, Kristínu Guðmundsdóttur fyrir samstarfið og vel unnin störf fyrir félagið.

Aðrir tóku ekki til máls.

## 8. Kosning endurskoðenda félagsins

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

*„Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2020.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa. Tillagan var samþykkt samhljóða.

## 9. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Upphaflega lá eftirfarandi tillaga stjórnar fyrir fundinum:

*„Lagt er til að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 900.000,- á mánuði og þóknun annarra stjórnarmanna kr. 450.000,- á mánuði. Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði ákveðin kr. 225.000,- fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema kr. 450.000,- á ári. Loks er lagt til að formenn undirnefnda stjórnar fái greiddar kr. 210.000,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 160.000,- á mánuði.“*

Í ljósi aðstæðna í þjóðfélaginu ákvað stjórn að falla frá tillögu um hækkun þóknana og lagði þess í stað að þóknanir stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar yrðu óbreyttar frá því sem samþykkt var á síðasta aðalfundi. Á fundinum bar stjórn því upp eftirfarandi breytta tillögu:

*„Lagt er til að þóknanir stjórnarmanna, varamanna í stjórn og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar verði óbreyttar frá því sem ákveðið var á síðasta aðalfundi, nánar tiltekið:*

*Að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 850.000,- á mánuði og annarra stjórnarmanna kr. 425.000,- á mánuði. Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði ákveðin kr. 212.500,- fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema kr. 425.000,- á ári. Loks er lagt til að formenn undirnefnda stjórnar fái greiddar kr. 200.000,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 150.000,- á mánuði.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna svo breytta. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa.

Hluthafinn Almenni lífeyrissjóðurinn sat hjá við atkvæðagreiðsluna en hluthafinn er eigandi 56.000.000 hluta í félaginu og fer með 2,67% atkvæða.

Aðrir hluthafar samþykktu tillöguna. Úrskurðaði fundarstjóri að tillagan væri samþykkt með tiskildum meirihluta. Ekki voru gerðar athugasemdir við úrskurð fundarstjóra.

## 10. Samantekt stjórnar um hlutafjäreign og samstæðutengsl

Fundarstjóri vísaði undir þessum dagskrárlíð til þess að skv. hlutafélagalögum væri skylt að upplýsa á aðalfundi um breytingar á hlutafjäreign og samstæðutengslum. Vísaði fundarstjóri til skýrslu stjórnar í ársreikningi sem og skýringa nr. 24, 25 og 67 þar sem finna má samantekt um hlutafjäreign í félaginu og samstæðutengsl þess, í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

### 11. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.


Enginn kvaddi sér hljóðs.

### FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT

Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð fundarins.

Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:35.

  
Fundarstjóri

  
Fundarritari

